2. gr. a) hljóði svo:
Hundurinn skal skráður á skrifstofu fógeta og þar fái eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.

**2. gr.**

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Seltjarnarness staðfestist hér með samkvæmt 1. gr. laga nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki og lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 12. október 1976.*

**F. h. r.**
**Páll Sigurðsson.**

*Ingimar Sigurðsson.*

Nr. 405. 15. nóvember 1976.

# AUGLÝSING
## um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umfeðarlaga nr. 40 frá 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum borgarráðs hefir eftirfarandi verið ákveðið:

1. Einstefnuakstur verður á húsagötu Holtavegar frá Kleppsvegi til vesturs.
2. Suðurhólar og Vesturhólar verða aðalbrautir.

Auglýsing þessi tekur gildi 1. desember 1976.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 15. nóvember 1976.*

Sigurjón Sigurðsson.